

Vistvænar lausnir við frágang á vegsvæðum, skýrsla vegna styrks 2017 – mars 2018. Ása L. Aradóttir og Steinunn Garðarsdóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands.

Verkefnið hófst árið 2014 að frumkvæði starfsmanna hjá Vegagerðainni. Tilgangur þess er að stuðla að aukinni markvissri endurheimt staðargróðurs við frágang á vegsvæðum. Á fyrri stigum verkefnisins voru teknar saman upplýsingar um stöðu þekkingar á endurheimt náttúrulegs gróðurfars í tengslum við rask vegna vegagerðar. Þessar upplýsingar skiluðu sér m.a. í endurskoðun verklýsinga sem fjalla um uppgræðslu. Í kjölfarið voru einnig útbúin drög að kennsluefni til notkunar á námskeiðum um endurheimt staðargróðurs.

Sumarið 2017 voru gerðar ítarlega gróðurmælingar og á vegfláum og grenndargróðri á þremur svæðum, þar sem mismunandi aðferðir hafa verið notaðar við uppgræðsluna. Einnig var fjallað um þróun á aðferðum við árangursmat og mismunandi aðferðir bornar saman, með það fyrir augum að velja eða þróa skilvirkar vöktunaraðferðir.

Niðurstöður gróðurmælinga benda til þess að dreifing á gróðurtorfum sé áhrifaríkasta aðferðin við að endurheimta staðargróður, en það hafði einnig komið fram í fyrri rannsóknum. Hins vegar er bent á að gera þurfi sambærilegar rannsóknir á fleiri svæðum til að meta áreiðanleika þessara niðurstaðna.

Lögð er áhersla á að niðurstöður verkefnisins séu kynntar, m.a. með námskeiðshaldi, til að greiða fyrir innleiðingu þeirra aðferðar sem bestan árangur gefa. Fram kemur að eitt slíkt námskeið var haldið haustið 2017.